



THE NATIONAL FILM ARCHIVE OF ICELAND • CINEMATEK

HÍÐ BÍÓHÓTEL 13 • 220 HAFNARFJÖRÐUR • ÍSLAND

Tel. +354 555 8700 • Fax +354 555 8704

kvmyndasafn.is • www.kvikmyndasafn.is


Hafnarfjarðarbær
Innk: 1/6 2016
Málsnr: 1410264
Bréfak: 2622

Hafnarfirði, 1. mars 2016

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Meðfylgjandi er lagfærð útgáfa af bréfi dags. 26. febrúar s.l. og kemur þessi útgáfa í þess stað.

Virðingarfyllt,
f.h. Kvikmyndasafns Íslands


Erlendur Sveinsson, forstöðumaður



THE NATIONAL FILM ARCHIVE OF ICELAND • CINEMATEK

HIÐ RITTARLÉIÐ • 220 HAFNARFJÖRÐUR • 10101 RB

TEL. +354 555 8700 • FAX +354 555 8704

Kvikmyndasafnið kvikmyndasafn.is • www.kvikmyndasafn.is

mykinn 1410264
2622

Hafnarfirði, 1. mars 2016

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Kvikmyndasafn Íslands hefur ákveðið að leggja eftirfarandi til við Bæjarráð Hafnarfjarðar í kjölfar bréfs Bæjarráðs dags. 12. október s.l. þar sem safnið er hvatt til að endurskoða afstöðu sína til samnýtingar á húsnæði Bæjarbíós (1410264 AUT). Hugmyndin er í stuttu máli þessi:

Kvikmyndasafnið fær inni í Bæjarbíói frá byrjun september til loka nóvember ár hvert. Á þessu tímabili verður enginn annar rekstraraðili með starfsemi í bíóinu og Kvikmyndasafnið ekki með aðra viðburði en kvikmyndasýningar. Safnið ræður yfir aðstöðunni á þessu tímabili, t.d. fyrirkomulagi í anddyri, í glugga, og á sviði bíósins. Það fær aðgang að búningsherbergjum til að koma þar fyrir tækjum og búnaði tilheyrandi rekstraraðila bíósins á öðrum tímum. Gert skal ráð fyrir að safnið haldi úti kvikmyndasýningum þrisvar í viku að jafnaði en geti bætt við eftir hentugleikum sérstökum viðburðasýningum á öðrum dögum. Gerður verði samningur til eins árs í upphafi en með því fororði að verði báðir aðilar sáttir við framkvæmd samningsins þá framlengist hann sjálfkrafa í 7 ár til viðbótar.


Helstu ástæður safnsins eru þessar: 1) Nú er lag á að gera breytingar því spurst hefur að samningur við núverandi rekstraraðila verði ekki framlengdur heldur verður rekstur bíósins auglýstur laus til umsóknar. Ef Bæjarráð tekur vel í hugmynd Kvikmyndasafnsins um nýjan flöt á samnýtingu húsnæðisins yrði tími safnsins í september fram í nóvember frátekinn fyrir það. Nýr rekstraraðili gæti hins vegar komið inn með trukki laust fyrir upphaf jólaáðventunnar. 2) Safnið hefur staðið frammi fyrir því gegn innsta vilja sínum að þurfa að taka niður sýningarvélar sínar og kvikmyndatjald, hljóðkerfi o.fl. í þessu friðaða kvikmyndahúsi og setja upp í húsnæði sínu við Hvaleyrarbraut en gæti með þessu móti hlíft bíóinu við því og komið sýningarvélunum til að snúast á ný. 3) Safnið vill byggja upp arftaka sem getur sýnt við hlíð sýningarmanns þess. Hann á ekki nema þrjú ár eftir í starfi. Við þurfum arftaka til að bera þekkinguna á þessari gömlu, sögulegu sýningartækni og viðhaldi filmuvélanna áfram inn í framtíðina. 4) Safnið myndi standa straum að sýningum fyrsta haustið (2016) án viðbótarfjárveitingar en vill ekki semja til lengri tíma en eins árs í upphafi nema tryggt sé að fjármagn fái til þessarar viðbótarstarfsemi frá Ríkinu. Sýningarþáttur safnsins getur ekki hvílt lengur á sama áhugamenskugrunndvellinum og áður var. 5) Safninu fyndist það viðeigandi upphaf á samstarfi við Hafnarfjarðarbæ að þetta gerðist á árinu sem reglubundnar kvikmyndasýningar á Íslandi verða 110 ára. Og einnig að þetta yrði í kjölfar fundar Kvikmyndasafna Norðurlanda sem haldnir eru árlega á Norðurlöndunum til skiptis. Næsti fundur safnanna verður í Hafnarfirði í september næstkomandi. Safnið myndi minnast upphafs bíóaldar á Íslandi í fyrstu dagskrá sinni og þar við bætist áhugi menningarfulltrúa Rússneska sendiráðsins á því að Kvikmyndasafnið verði með yfirlitsviku þar sem sýnd yrðu rússnesk sígild kvikmyndaverk í samvinnu við sendiráðið en það efnir til kvikmyndadaga í Bíó Paradís næsta haust.

Kvikmyndasafnið vonar að Hafnarfjarðarbæ auðnist að fá öflugan rekstraraðila að bíóinu fyrst ákveðið er að fara þá leið. Það gæti samt reynst torsótt samkvæmt áliti sérfræðinga á þessu sviði sem telja að útilokað sé að reka bíóið í atvinnuskyni.

Nauðsynlegt er að svar berist við bréfi þessu sem fyrst ef á að vera hægt að undirbúa og skipuleggja dagskrá á vegum Kvikmyndasafnsins í september – nóvember. Þetta er sömuleiðis æskilegt gagnvart samskiptum okkar við menningarfulltrúa rússneska sendiráðsins, sem þarf að fá svör fljótlega, að ógleymdu yfirvaldi okkar í Menntamálaráðuneytinu.

Við gerum okkur grein fyrir því að bæjarfulltrúum getur verið nokkur vandi á höndum að gera upp hug sinn gagnvart ofangreindri hugmynd og því getur niðurstaðan orðið á hvorn veginn sem er: Að Kvikmyndasafnið fái inni í bíóinu eða að áframhaldandi rekstur þess verði alfarið á annarra manna höndum.

Virðingarfyllt,
f.h. Kvikmyndasafns Íslands


Erlendur Sveinsson, forstjórnari